

D ó m s o r ð:

Stefndu, Valgerður Kristjánsdóttir og Sveinn Guðmundsson f.h. dánarbús Kristjáns Helga Sveinssonar og Hagtrygging h.f., skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Ragnars Karlssonar, í máli þessu.

Málkostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 18. mars 1986.

Nr. 96/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Sumarliða Óskari Arnórssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 13. þ.m. er barst Hæstarétti næsta dag. Hann krefst þess aðallega að úrskurðurinn verði ómerktur, til vara að synjað verði um framlengingu gæsluvarðhalds, en til þrautavara að gæsluvarðhaldstími verði stytur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Kröfu sína um ómerkingu reisir varnaraðili á því, 1) að úrskurðurinn hafi verið kveðinn upp eftir að gæsluvarðhaldstími hafi verið runninn út, 2) að málsmeðferð fyrir sakadómi hafi verið haldin annmörkum, þar sem réttargæslumanninum hafi verið synjað um aðgang að nýjum skjölum, 3) úrskurðurinn sé reistur á nýjum gögnum sem eigi hafi verið borin undir varnaraðila og 4) að dómari hafi átt að kanna sjálfstætt með yfirheyrslum og skýrslutökum, m.a. hjá lögreglumönnum og varnaraðila, hvernig rannsókn miðaði áfram.

Dómaranum bárust gögn málsins kl. 13:00 hinn 12. þ.m. Beiðni um framlengingu á gæsluvarðhaldi varnaraðila, er renna skyldi út

kl. 17:00 sama dag, var lögð fram á dómþingi kl. 15:40. Telja verður eins og hér stóð á að dómara hafi verið heimilt að taka sér frest til að taka afstöðu til beiðninnar, þar sem gögn málsins eru umfangsmikil, enda lagði hann rökstuddan úrskurð á málið innan þess frests sem mælt er fyrir um í 66. gr. laga nr. 74/1974. Samkvæmt þessu og þar sem eigi verður fallist á að neinir þeir ágallar hafi verið á verki héraðsdómara er valdi ómerkingu úrskurðarins, verður ómerkingarkröfunni hafnað.

Samkvæmt gögnum þeim, sem fylgja beiðninni um gæsluvarðhald, má fallast á það að ennþá hafi verið nauðsyn á að koma í veg fyrir að ákærði gæti spilt sönunargögnum, enda er um viðamikla og flókna rannsókn að ræða. Ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. mars 1986.

Ár 1986, fimmtudaginn 13. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir eru þeir, að þann 20. febrúar sl. var kærði Sumarliði Óskar Arnórsson framkvæmdastjóri, fæddur 26. nóvember 1952, til heimilis að Skeljagrandu 4 hér í borg, úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 12. mars 1986 kl. 17:00, vegna rannsóknar RLR á ætluðum auðgunarbrotum kærða og bróður hans Arnórs Vikars í tengslum við starfrækslu þeirra á fasteignasölu, verðbréfamarkaði, húsaleigumiðlun og myndbandaleigu. Voru þeir bræður grunaðir um að hafa með blekkingum fengið fjölda fólks til að gangast undir fjárskuldbindingar eða ábyrgðir sem þeir hafi síðan notað í viðskiptum.

Ofangreindur úrskurður var kærður til Hæstaréttar, en með dómi Hæstaréttar þann 28. febrúar sl. var málinu vísað frá Hæstarétti.

Þann 3. mars sl. gerði réttargæslumaður kærða þá kröfu að kærði yrði látinn laus úr gæsluvarðhaldi, en með úrskurði uppkveðnum þann 4. mars sl. hafnaði sakadómur Reykjavíkur þeirri kröfu. Var þeim úrskurði skotið til Hæstaréttar Íslands, sem með dómi uppkveðnum þann 11. mars sl. staðfesti úrskurð sakadóms.

Í gær gerði RLR þá kröfu að framangreint gæsluvarðhald verði fram-
lengt til miðvikudagsins 26. mars nk. kl. 17:00. Dómarinn fékk gögn máls-
ins til athugunar kl. 13:00 sama dag. Kl. 16:05 var kærði færður í dóminn
og honum kynnt krafa RLR. Kl. 16:58 ákvað dómarinn með vísan til 66.
gr. laga nr. 74, 1974 og með tilliti til umfangs málsins að taka sér sólar-
hrings frest til ákvörðunar um hvort gæsluvarðhaldið skyldi framlengt eða
kærði látinn laus.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR og hefur talið kæruefnið eingöngu
varða eðlileg viðskipti af hans hálfu, að undanskilinni íbúðinni að Klappar-
stíg 13. Taldi kærði sig engin hegningarlagaabrot hafa framið.

Ljóst er af gögnum málsins að rannsókn sakarefnisins er vel á veg komin,
en þó eigi lokið að fullu. Þá ber að líta til þess að þann 11. mars sl. gaf
Guðjón Sverrir Agnarsson skýrslu hjá RLR og taldi sig hafa fengið okurlán
hjá kærða og hafi honum verið hótað líkamlegu ofbeldi ef kröfurnar
greiddust ekki.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga
nr. 74, 1974 þykir eigi verða hjá því komist að framlengja gæsluvarðhald
kærða og skal hann sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en
til miðvikudagsins 19. mars nk. kl. 17:00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Sumarliði Óskar Arnórsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi, þó
eigi lengur en til miðvikudagsins 19. mars 1986 kl. 17:00.

Miðvikudaginn 19. mars 1986.

Nr. 231/1984. **Guðmundur G. Halldórsson**

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

gegn

Þorvaldi Skaftasyni

(Helgi V. Jónsson hrl.)

Skuldamál. Umsýslusala.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson,
Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.